

VERKEFNASJÓÐUR SKÓLASAMNINGA

SAMNINGUR

Heiti verkefnis: Útivist og náttúra

Styrkþegar: Menntaskólinn á Tröllaskaga, kt. 690310-0820, Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra, kt. 431080-0289 og Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu, kt. 491087-2509

Umsjónarmenn: Lára Stefánsdóttir, skólameistari, Ingileif Oddsdóttir, skólameistari og Eyjólfur Guðmundsson, skólameistari

Skýrsla vegna verkefnisins

Inngangur

Á haustmánuðum 2011 var settur á laggirnar starfshópur tengdur þremur framhaldsskólum, þ.e. MTr, FNV og FAS. Markmið starfshópsins var að vinna að uppbyggingu og skipulagi nýrrar brautar tengdri útivist og náttúru. Starfshópurinn vann að verkefninu fram á vor 2012. Á þeim tímapunkti þá var búið að vinna mikla grunnvinnu við uppbyggingu brautarinnar, s.s. hugmyndir að brautarlýsingu og áföngum. Starfshópurinn náði því miður ekki að klára vinnuna og í lok vors 2012 var skiluð inn skýrsla um vinnuna sem fram hafði farið. Þessi skýrsla inniheldur þá skýrslu sem unnin var vorið 2012 ásamt upplýsingum um áframhaldandi vinnu sem fram fór við MTr. Sú vinna fór hófst haustið 2012 og um vorið 2013 var kláruð brautarlýsing að braut sem er í boði við MTr en sú braut ber heitið Íþróttir og útivist – útivistarsvið.

Markmið

Markmið verkefnisins er að byggja upp innihaldsríka og áhugaverða námsbraut sem hefur það að markmiði að nemendur:

- afli sér grunnþekkingar til að stunda útivist og takast á við raunverulegar aðstæður úti í náttúrunni.
- læri að þekkja mikilvægi sjálfbærni í samskiptum sínum við umhverfið og náttúruna.
- kynnist náttúru landsins á ólíkum svæðum með ólík viðfangsefni.
- Spreyti sig á undirbúningi, framkvæmd og endurskoðun á eigin ferð um náttúruna að vetrarlagi.

Markmið þessarar vinnu er síðan að fleiri skólar geti nýtt reynsluna og boðið upp á svipaða eða sams konar námsbraut til framhaldsskólaprófs.

Starfsmenn

Óskar Þórðarson kennari við MTr

Óliver Hilmarsson kennari við MTr

Bryndís Ósk Björnsdóttir tengill frá FAS

Árni Stefánsson kennari við FNV

Undir lokin kom Heiðdís Björk Gunnarsdóttir að verkefninu en hún sér um sérverkefni við MTr

Einnig leituðum við ráða hjá hinum ýmsu starfsmönnum og öðrum aðilum sem tengjast verkefninu á einhvern hátt.

Fundir

1. 19.október 2011 kl 15.00-16.00 í gegnum Skype-búnað
2. 07.nóvember 2011 kl 09.30-15.30 á Ólafsfirði
3. 07.febrúar 2012 kl 14.30-15.10 í gegnum Skype-búnað
4. 21.febrúar 2012 kl 14.30-15.10 í gegnum Skype-búnað
5. 28.febrúar 2012 kl 14.30-15.10 í gegnum Skype-búnað
6. 10.apríl 2012 kl 14.30-15.10 í gegnum Skype-búnað
7. 17.apríl 2012 kl 14.30-15.10 í gegnum Skype-búnað

Fundargerðir koma fram síðar í skýrslunni.

Áfangar í brautinni

Í kjölfar fundarins sem fram fór 07.nóvember komust starfsmenn að þeirri lausn að eftirfarandi áfangar væru tilvaldir fyrir braut sem þessa:

- Útivist 1: ÚTI2A05
- Útivist 2: ÚTI2B05
- Útivist 3: ÚTI3A05
- Björgunarmaður 1: BJÖ2A05
- Björgunarmaður 2: BJÖ3A05

Tillaga að kennslufyrirkomulagi útivistaráfanganna:

Kennt yrði í 3 lotum á hvorri önn. Hver lota er ein löng helgi, föstudagsmorgunn til sunnudagskvölds, og telur ca. 38 klst

Fös 8-22, lau 8-22 og sun 8-18

Undirbúningsfundur, ca 2 klst, yrði haldinn fyrir hverja lotu (með þessu skipulagi næst lágmarks stundafjöldi miðað við 5 eininga áfanga).

Skólarnir eru 3 í þessu verkefni og loturnar 3. Hver lota væri því kennd á mismunandi landssvæði, ein á landssvæði hvers skóla.

Drög að lotunum:

Haustönn: SNJÓLEYSI

Vorönn: SNJÓR

Helgi 1: Sauðárkrókur – sept

Helgi 1: Sauðárkrókur - jan/feb

– Rafting

- Ísklifur

– Fjallhjól

- Alpaskíði/Snjóbretti

– Klettlifur/sig

- Gönguskíði í braut

Helgi 2: Ólafsfjörður - okt

Helgi 2: Ólafsfjörður - mars

– Surfing

- Fjallaskíði

– Sjósund

- Gönguskíði

– Sjókajak

- Snjóhús

Helgi 3: Höfn - nóv

Helgi 3: Höfn - apríl/maí

– Fjallamennska

- Jöklaferðir (t.d. Hvannadalshnjúkur)

-helgargönguferð

Áfangalýsingar:

Heiti áfanga: ÚTI2A05

Lýsandi heiti áfanga: Útivist snjóleysi

Framhaldsskólaeiningar: 5

Undanfari: Enginn

Lýsing á efni áfangans: Rafting, fjallahjól, klettlifur/sig, surfing, sjósund, sjókajak og fjallamennska

Lokamarkmið áfanga:

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

Heiti áfanga: ÚTI2B05

Lýsandi heiti áfanga: Útivist snjór

Framhaldsskólaeiningar: 5

Undanfari: Enginn

Lýsing á efni áfangans: Ísklifur, alpaskíði/snjóbretti, gönguskíði í braut, fjallaskíði, gönguskíði, snjóhús, jöklaferðir

Lokamarkmið áfanga:

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

ÚTIVIST OG NÁTTÚRA: FUNDARGERÐIR

Fundur 1: Miðvikudagurinn 19.október 2011 kl 15:00

Fundur haldinn í gegnum skype hugbúnað.

Fundarmenn: Óskar Þórðarson, Óliver Hilmarsson, Árni Stefánsson og Bryndís Ósk Björnsdóttir

Fundarefni:

1. Tengiliðir kynntu sig ásamt bakgrunni sínum, sérstaklega í tengslum við viðfangsefnið
2. Hugmyndafræði brautarinnar
Óskar fór yfir skipulag námsbrauta með tillit til nýju námsskrárinnar út frá framhaldsskólaprófi (90-120 f-einingar, þar af 45-60 f-einingar brautarkjarna). Fljótlega kom í ljós að hugmyndir og stefna fundarmanna var að móta braut til stúdentsprófs.
3. Grunnuppbygging brautarinnar
Okkar hlutverk að móta brautina með hliðsjón af útivist og náttúru og “finna” markmið hennar. Tengingin við Björgunarsveitirnar voru ræddar, þ.e. björgunarskólinn, en samkvæmt upplýsingum er verið að endurskipuleggja námið þar. Rætt var hlutfall bóklegrar kennslu vs verklegar kennslu og fundarmenn á þeirri línu að verklegi hlutinn þurfi að vera ríkjandi.
4. Áfangar á brautinni
 - a) Nýta áfanga sem nú þegar eru til í skólunum
Í FNV er 1. einingar valáfangi í “Íþróttum” ásamt ýmsum þráðum í kennslunni og fór Árni yfir það
Í FAS eru námskeið en þau eru ekki einingarbær og fór Bryndís yfir það
Í MTr er enginn áfangi kominn af stað, en Óskar og Óliver gerðu grein hugmyndafræðinni að útivistarlínu á íþrótt- og útivistarbraut við skólann. Niðurstaðan að þessu máli var að skoða þetta vel á næsta fundi. Markmiðið samkvæmt umsókninni var að kennsla í einhverjum áfanga á brautinni hæfist á vorönn 2012 en fundarmenn töldu það óraunhæft.
5. Tenging menntaskólastigs við Háskólann
Ákveðið var að hafa samband við Jakob Frímann, ásamt fleiri einstaklingum sem tengjast þessu og ætluðu Óliver, Árni og Bryndís að nýta sín sambönd og afla sér upplýsinga hjá viðeigandi aðilum um þetta atriði
6. Búnaður
Bryndís kom inn á búnað, þar sem svona braut/áfangar myndu krefjast mikils útbúnaðar. Enginn búnaður fyrir svona kennslu er til í MTr né FNV en FAS er með góðan búnað í ákveðnum

þáttum sem tengjast náminu

7. Önnur mál

Rætt var um bóka hluta námsins og kom þá umræðan um bókarlista björgunarskólanámsins en þar er notaðar góðar bækur. Bryndís á margar þeirra og mun koma með þær þegar við myndum hittast

Fundur 2: Mánudagurinn 07.nóvember 2011 kl 09:30-14:30

Fundur haldinn í Menntaskólanum á Ólafsfirði

Fundarmenn: Óskar Þórðarson, Óliver Hilmarsson, Árni Stefánsson og Bryndís Ósk Björnsdóttir

Fundarefni:

1. Miðannaráfangi

Í MTr voru Óskar og Óliver með miðannaráfanga sem tengdist íþróttum, útivist og hreyfingu og gerðu þeir grein fyrir skipulagningunni og framkvæmd hans. 1 f-eining og nemendur gátu valið úr “potti” það sem þau vildu gera (björgunarsveitarstarf, brimbretti, kajak, golf, ræktin, sund, tennis o.fl.). Heppnaðist sá áfangi vel og töldu fundarmenn fyrirhugað að stefna á sameiginlegan áfanga (eða tvo) á vormisseri ef skólastjórnendur kæmu sér saman um sameiginlega “miðönn”. Ákveðið var að ræða útfærsluna nánar á næsta fundi ef þetta gengi eftir

2. Skipulag brauta/námsins

1. Óskar fór betur yfir skipulag brauta fyrir fundarmönnum eins og það er í MTr. Óskar sýndi fundarmönnum skjal sem sýnir gróft skipulag brauta, þ.e. kjarna (90 f-einingar), brautarkjarna (70) sem myndi skiptast í ákveðna áfanga og svo bundið val (áfangar sem nýtast) og frjálst val (40). Sjá nánar í Excel skjali. Í upphafi voru fundnir áfangar sem tengjast jafnvel öðrum brautum og eru jafnvel kenndir í skólanum sem við töldum mikilvægt að hafa í kjarnanum. Niðurstaðan var íþróttافرæði og næringarfræði. Síðan var talið upp það “námsefni” sem væri mikilvægt að læra á þessari braut. Fullt af efni var talið upp en þegar allri vinnunni tengdu þessu var lokið voru við búin að staðsetja allt efnið nema tvennt í áföngum sem við myndum vilja hafa á brautinni, en það er annars vegar veðurfræði og hins vegar matreiðsla í náttúrunni.
2. Næst var að tengja brautina við björgunarskóla Landsbjargar og fengu við Margréti Laxdal varaformann Landsbjargar og kennara við MTr til að fara yfir það með okkur. Niðurstaðan í málinu var að Björgunarmaður I og II myndu smellpassa sem 5 f-eininga áfangar (þ.e. tveir) á brautinni (miðað við MTr skipulagið). Inn í þennan hluta námsins fóru flest af þeim efnum sem við höfum skrifað upp fyrr á fundinum. Eina áhyggjuefni okkar er framkvæmdin á þessum hluta námsins en ákveðið var að ræða það betur síðar.
3. Næst var að ákveða áfanga sem væru sérstæðir fyrir brautina. Ákveðið var að kalla þá útivist en voru þrjú 5 f-eininga áfangar “teiknaðir” upp (2 á 2.þrepi og 1 á 3.þrepi (dýpkun)). Ákveðið var að einblína á 2.þreps áfangana í þessari lotu. Í upphafi voru þeir skoðaðir út frá annars vegar jaðarsport og hins vegar fjallasport en eftir því sem málið var skoðað nánar varð niðurstaðan annars vegar haustmísseris sport og hins vegar vormísseris

sport (sjá nánar í skjalinu – heitir reyndar jaðarsport I og II).

3. Önnur atriði (farið vítt og breitt um viðfangsefnið)

1. Kennslan á brautinni: Fundarmenn litu mjög jákvætt á námið á brautinni, sérstaklega í ljósi þess að “einungis” væri um 3 sameiginlega áfanga að ræða. Töldum við það auka líkurnar á að af þessu yrði
2. Upplýsingar frá fagaðilum: Bryndís, Árni og Óliver höfðu öll rætt við utanaðkomandi aðila sem allir lýstu ánægju sinni með þetta framtak og voru tilbúnir að aðstoða okkur ef þess þyrfti.
3. Bókamál: Bryndís sýndi okkur nokkrar bækur sem hún kom með og gáfu við okkur tíma í að glugga í þær. Margar mjög forvitnilegar bækur sem væri vel hægt að nýta í náminu.
4. Sérstaða bæjarfélaganna: Skoðaðir voru möguleikar hvers svæðis með tilliti til námsefnis á brautinni, s.s. skíðasvæði, jöklasvæði, fjöll, vötn, sjór o.s.frv. Niðurstaðan var sú að skólanir eru staðsettir þar sem fjölmargir möguleikir eru til staðar í náttúrunni
5. Búnaður: Farið var yfir búnaðamál sem tilliti til þess sem við “ætluðum” að kenna í áföngunum á brautinni. Þarna þarf að kanna aðkomu bæjarfélaganna og stofnananna ásamt styrkjum. Atriði sem þarf að skoða nánar á næsta fundi.
6. Næsti fundur: Áætlað er að hafa fund fyrir jólafrí í gegnum Skype hugbúnaðinn.

ÚTIVIST OG NÁTTÚRA

Fundur 3: Þriðjudagurinn 07.febrúar 2012 kl 14:30-15:10

Fundur haldinn í gegnum Skype

Fundarmenn: Óskar Þórðarson, Óliver Hilmarsson, Bryndís Ósk Björnsdóttir og Heiðdís ?.

Fundarefni:

1. Miðannarvikan / Opnir dagar: Ákveðið að bjóða upp á einingarbært nám þessa vikuna. Námið þyrfti að fara fram mánudag til miðvikudags, þar sem árshátíð er Fas og MTr á föstudeginum. Spurning hvernig þetta er á FNv? Námið myndi gilda sem 1 f-eining. Mikilvægt að auglýsa námið strax fyrir nemendur og geta nemendur úr hvaða skóla sem er sótt námskeið í hvaða skóla sem er
 - a) MTr > Skíðatengt, þ.e. gönguskíði og alpaskíði/bretti
 - b) FAs > Jöklatengt – Bryndís ætlar að ræða við Eyjólf um þetta mál
 - c) FNv > ?
2. Brautarlýsing: Ákveðið var að umsjónarmaður myndi setja upp beinagrind að brautarlýsingu sem yrði sett á google.docs þannig að menn gætu sett fram sínar hugmyndir í skjalið. Mikilvægt að fá ólík sjónarmið. Umsjónarmaður leggur til að Heiðdís verði yfir þessum hluta en aðrir geti komið með sitt álit.
3. Áfangalýsingar: Ákveðið var að vinna að áfangalýsingum fyrir þá fimm áfanga sem tengjast sérstæklega náminu. Umsjónarmaður ætlar að setja inn beinagrind að áfangalýsingu á google.docs þannig að menn geta sett fram sínar hugmyndir í skjalið. Umsjónarmaður leggur til að Árni verði yfir ÚTI2A05, Bryndís yfir ÚTI2B05 og Óliver og Heiðdís yfir ÚTI3A05. Áfangalýsing fyrir BJÖ2A05 og BJÖ3A05 verði unnin út frá upplýsingum um nám björgunarsveitarmanna á vef landsbjargar.
4. Ákveðið var að hittast næst þriðjudaginn 21.febrúar á sama tíma í sama formi.

ÚTIVIST OG NÁTTÚRA

Fundur 6: Þriðjudagurinn 10.apríl 2012 kl 14:30-15:10

Fundur haldinn í gegnum Skype

Fundarmenn: Óskar Þórðarson, Óliver Hilmarsson, Bryndís Ósk Björnsdóttir, Heiðdís og Árni.

Fundarefni:

1. Áfangalýsingar: Ákveðið að fara í vinnu við áfangalýsingar fyrir ÚTI2A05 og 2B05. Heiðdís ætlar að vinna þá grunnvinnu og setja niður á blað. Hittast aftur eftir viku og ræða þá punktana sem komnir væru.

Áframhaldandi vinna við MTr

Starfshópurinn vann gríðarlega mikla grunnvinnu við hugmyndafræði brautarinnar og að áföngum á henni. Starfahópnum tókst hins vegar ekki að klára þá vinnu og móta endanlega braut. En þar sem grunnvinnan var það góð þá var ákveðið við MTr að nýta þessa vinnu og klára að móta brautina og áfanga á henni.

Haustönn 2012

Haustið 2012 innrituðust nemendur við MTr á braut sem ber nafnið “Íþróttir og útivist – útivistarvið”. Þetta haust var notað til að vinna við mótun á brautarlýsingunni og skipuleggja fyrstu áfangana á henni.

Vorönn 2013

Eftir góða vinnu við brautarlýsingu og áfangalýsingar haustið 2012 voru fyrstu áfangarnir sem tengdust brautarkjarna og/eða bundnu vali á brautinni kenndir vorönnina 2013. Þetta voru tveir áfangar en þeir voru björgunarmaður 1 (BJÖ2A05) í samstarfi við Slysavarnarfélagið Landsbjörgu og útivist (ÚTI2A05). Í ÚTI2A05 voru 13 nemendur en í BJÖ2A05 voru nemendur 17 talsins. Hægt er að nálgast áfangalýsingar fyrir þessa tvo áfanga á heimasíðu skólans

(<http://www.mtr.is/is/moya/page/bjorgunarmadur-1-bjo2a05> og <http://www.mtr.is/is/moya/page/utivist-uti-2a05>).

Áfangarnir gengu vel og var nokkur fjöldi nemenda í báðum áföngum. Það sem var ánægjulegast er að aldursdreifing í áfangana var mjög dreift, þar sem nokkrir nýnemar skráði sig í áfangana sem voru örlítið eldri og jafnvel einsaklingar sem voru búnir með stúdentspróf á annari braut. En áhugi þeirra á björgunarsveitarstörfum og/eða útivist varð var það mikill að viðkomandi skelltu sér á skólabekk á nýjan leik.

Þessi önn var líka nýtt til að endanlega móta brautarlýsinguna. Hægt er að sjá brautarlýsinguna á heimasíðu skólans (<http://www.mtr.is/is/namid/namsbrautir/ithrotta-og-utivistarbraut/utivistarvid>). Til að útskrifast á brautinn þarf að ljúka 200 einingum. Þessar einingar skiptast niður á eftirfarandi hátt:

- Kjarni 90 einingar
- Brautarkjarni 30 einingar
- Brautarval 40 einingar
- Óbundið val 40 einingar

Lykilatriðið við skipulagningu brautarinnar voru þær 70 einingar sem tengjast brautinni, þ.e. brautarkjarni og brautarval. Ákveðið var að hafa eftirfarandi áfanga í brautarkjarna:

- Lýðheilsa tengd útivist (LÝÐ): 2?01 og 2?02

- Ferðamennska (FER): 2A05
- Veðurfræði (VEÐ): 2A05
- Skyndihjálpi (SKY): 1A02
- Útivist (ÚTI): 2A05, 2B05 og 3A05

Í brautarval geta svo nemendur tekið hina ýmsu áfanga sem tengjast brautinni á einn eða annan hátt, s.s. líffræði, jarðfræði, vistfræði, landafræði, næringarfræði, útivist, sérhæfðir áfangar (matur yfir báli, ferðaáfangar o.fl.), leiðsögn, björgunarsveitaáfangar, auðlindafræði og umhverfisfræði.

Haustönn 2013

Nú á haustönninni er verið að kenna einn áfanga á brautinni en það er útivist (ÚTI2B05) og eru 12 nemendur að stunda það nám.

Farið var í heimsókn til FAS og skoðað hvort eftirsóknarvert væri að hafa samstarf í tengslum við kennslu þeirra í Fjallamennsku og útivistarnámi skólans. Komu fram hugsanlegir samstarfsfletir sem haldið verður áfram að vinna við.

Vorönn 2014

Á komandi vorönn er áætlað að kenna nokkra áfanga sem tengjast brautinni en það eru útivist (ÚTI2A05), útivist (ÚTI3A05) og veðurfræði (VEÐ2A05) ásamt því að skyndihjálpi (SKY1A02) verður í boði í miðannarvikunni. ÚTI2A05 er verið að kenna í annað skipti en hinir áfangarnir verða kenndir í fyrsta skipti. Áfangalýsingar fyrir þessa nýju áfanga voru ekki fullgerðir þegar þessi skýrsla var unnin.

Niðurstaða

Verkefnið varð til þess að við MTr er nú braut sem tengist útivist og náttúru og ber heitið Íþróttir og útivist – útivistarsvið. Endanleg brautarlýsing var klár vorið 2013 en fyrstu áfangarnir tengdir brautinni voru kenndir haustið 2012. Sú mikla og góða vinna sem starfshópur verkefnisins vann haustið 2011 og vorið 2012 á stærstan þátt í mótun brautarinnar við MTr en einnig sú vinna sem fram fór við MTr haustið 2012 og vorið 2013. Endanleg niðurstaða verkefnisins er sú að verkefnið skilaði nýrri stúdentsbraut við MTr sem hentar mjög ákveðnum hóp nemanda. Mikil ánægja er með brautina við MTr og vonandi mun brautin dafna og stækka á næstu árum ásamt því að þróast til hins betra.

Samstarf við Slysavarnarfélagið Landsbjörgu var einstaklega gott og hyggst MTr halda því áfram enda hefur þar skapast ómetanleg þekking á efni sem tengist þessu námi.

Skólarnir þrír hafa á sama tíma mótað samstarf ásamt fleiri skólum undir formerkjum

Fjarmentaskólans. Þar má vera að frekara samstarf þróist við námið.